
RANDERS Tegl
UTANHÚSSHLEÐSLUSTEINN

L. M. Jóhannsson & Co
JOCO
Símar: 622830/31
Laugavegi 55 (VON)
P.O. BOX 1285
121 Reykjavík

Karlmannaföt kr. **5.500.-**
Terylenebuxur kr. **995.-, 1.395.-** og **1.595.-**
Terylene/ull/stretch kr. **1.895.-**
Permapress buxur (polyester/bómull) kr. **875.-**
Gallabuxur kr. **795.-, 850.-** og **875.-**
Sumarbuxur kr. **750.-**
Bolir frá kr. **235.-**
Peysur, skyrtur, nærföt o.fl. ódýrt.
Andrés,
Skólavörðustíg 22A, sími 18250.

Skíðaskálinn sími 672020

Haukur Morthens
og 6 manna hljómsveit
skemmta í kvöld.
Munið okkar vinsæla kalda borð.

MERKI UM GÓÐAN ÚTBÚNAÐ
JAMES-SCOTT
NEOPRENE VÖÐLUR

P&Ó/SÍA
Fást í næstu sportvöruverslun.
Einkaumboð
I. Guðmundsson & Co hf
Símar: 91-11999 – 24020

„Graphica Atlantica" á Kjarvalsstöðum:

Stærsta grafíksýning hérlendis

REYKJAVÍKURBORG og félagið Íslensk Grafík standa að ráðstefnu og sýningu á vestrænni grafíklist á Kjarvalstöðum, dagana 6. til 28. júní næstkomandi. Á sýningunni verða sýnd verk um 100 grafíklistamanna frá 24 löndum og er þetta viðamesta grafíklistasýning, sem haldin hefur verið hérlendis.

Sýningin og ráðstefnan bera



Morgunblaðið/RAX

Sýningarnefnd hinnar alþjóðlegu grafíklistasýningar: (talið frá vinstri)Valgerður Hauksdóttir formaður félagsins Íslensk Grafík, Ingunn Eydal formaður sýningarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir, Ingibergur Magnússon, Jóhanna Bogadóttir og Einar Hákonarson forstöðumaður Kjarvalsstaða. Í sýningarnefndinni er einnig Sigried Waltengoyer.


Hjartvernd 20 ára:

70 þúsund Íslendingar hafa verið rannsakaðir

RANNSÓKNARSTÖÐ Hjartaverndar á 20 ára afmæli á þessu ári og í tilefni þess er fyrirhugað að efna til sérstakrar ráðstefnu fyrir lækna og fræðslufunda fyrir almenning í október. Hingað hefur verið boðið 9 erlendum fyrirlesurum, sem að sögn Dr. Nikulásar Sigfússonar, yfirlæknis rannsóknarstöðvarinnar, eru allir mjög kunnir vísindamenn á sviði faraldsfræði hjarta- og æðasjúkdóma. Þá verða auk þessara erlendu fyrirlesara 13 fyrirlestrar á vegum íslenskra aðila, og munu þeir allir fjalla um einhverja þætti eða niðurstöður úr rannsóknum Hjartaverndar, en þegar hafa um 70 þúsund Íslendingar um allt land verið rannsakaðir.

Aðalverkefni Hjartaverndar á þessum 20 árum hefur verið mjög umfangsmikil rannsókn, svonefnd Hóprannsókn,á miðaldra fólki á Reykjavíkursvæðinu. Um 30 þúsund konur og karlar á aldrinum 53-80 ára hafa verið þátttakendur í Hóprannsókninni og sagði Nikulás að með þessu móti hefði verið aflað mikilvægra upplýsinga sem auðveldað hefðu baráttu við þessa sjúkdóma og uppbyggingu varna gegn þeim. „Langtímarannsóknir eins og Hóprannsókn Hjartaverndar skapa aukna möguleika á að fylgjast með breytingum á heilsufari þjóðarinnar, og hvaða þættir það eru sem valda þessum breytingum," sagði Nikulás. „Í stað þess að rannsaka hvern einstakling bara einu sinni hefur okkur gefist kostur á að fylgjast með þeim, og rannsóknir af slíku tagi eru öruggari því þá er hægt að fylgjast með fleiri þáttum. Fram að þessu höfum við aðallega beint sjónum að þeim þáttum sem taldir eru valda mestri hættu á hjartasjúkdómum en það eru, eins og margir vita, sígarettureykingar, hár blóðþrýstingur og of há blóðfita. Hjá okkur hér á Íslandi hafa allir þessir áhættuþættir færst mjög í rétt horf; reykingamönnum hefur fækkað, blóðfita hefur farið lækkandi og meðferð á of háum blóðþrýstingi hefur batnað mjög á síðustu árum. Þróun af þessu tagi hefur átt sér stað í mörgum löndum undanfarin 10-15 ár og má fyrst og fremst þakka það breyttum lifnaðarþáttum fólks. Á meðan engin varanleg lækning er þekkt í baráttunni við kransæðasjúkdóma og aðra æðasjúkdóma virðist heillavænlegast að leggja áherslu á forvarnaraðgerðir," sagði Nikulás að lokum.

Í tengslum við læknaþingið sem haldið verður í haust verður síðan haldinn fræðslufundur fyrir almenning og verður dagskrá hans kynnt síðar.



Starf Hjartaverndar og læknaráðstefnan í haust var kynnt blaðamönnum á fundi í gær af þeim Guðmundi Þorgeirssyni, lækni, Ugga Agnarssyni, lækni, Dr. Nikulási Sigfússyni, yfirlækni, og Stefáni Júlíussyni, framkvæmdastjóra Hjartaverndar. Morgunblaðið/Einar Falur